

## Almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins (AHS)

Fundargerð 28. fundar  
Reykjavík 11. apríl 2014

Föstudaginn 19. apríl 2013 var haldinn tuttugasti og áttundi fundur í Almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins (AHS). Fundurinn var haldinn í Björgunarmiðstöðinni Skógarhlíð og hófst hann kl. 08.00.

Viðstaddir voru:

Jón Gnarr	Reykjavík
Ármann Kr. Ólafsson	Kópavogi
Rannveig Ásgeirsdóttir	Kópavogi
Erling Ásgeirsson	Garðabæ
Guðrún Á. Guðmundsdóttir	Hafnarfirði
Hallgrímur Hallgrímsson	Hafnarfirði
Ásgerður Halldórsdóttir	Seltjarnarnesi
Kolbrún G. Þorsteinsdóttir	Mosfellsbæ
Adam B. B. Finnsson	Kjósarhreppi
Jón Viðar Matthíasson	Framkvæmdastjóri AHS
Stefán Eiríksson	Lögrelgunni á höfuðborgarsvæðinu (LRH)

Áheyrnarfulltrúi var Magnús J. Magnússon frá Rauða Krossinum.

Fundinn sátu einnig Birgir Finnsson, Bjarni Kjartansson og S. Björn Blöndal frá Reykjavíkurborg.

Fundarstjóri: Jón Gnarr.

Fundarritari: Birgir Finnsson.

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Engar athugasemdir hafa borist við fundargerð síðasta fundar.

Eftirfarandi lagt fram:

- Fundargerð 27. fundar almannavarnanefndar 16. apríl 2013.

*Afgreiðsla:* Engar athugasemdir.

### 2. Hættumat fyrir höfuðborgarsvæðið

Birgir Finnsson og Bjarni Kjartansson kynntu lokadrög að skýrslu um endurskoðað hættumat fyrir höfuðborgarsvæðið sem unnið hefur verið að í takt við ákvörðun AHS á 26. fundi hennar þann 16. nóvember 2012.

*Afgreiðsla:* Nefndarmenn munu fara yfir skýrsluna og senda inn ábendingar og/eða athugasemdir fyrir 15. maí n.k. Að teknu tilliti til þeirra ábendinga og/eða athugasemda skoðast skýrslan samþykkt.

### 3. Sjúkraflutningar á höfuðborgarsvæðinu

Jón Viðar Matthíasson fór yfir stöðu mála varðandi samninga um sjúkraflutninga á höfuðborgarsvæðinu, en sjúkraflutningar eru hluti af þeirri keðju sem almannavarnir eru.

Eftirfarandi lagt fram:

*Afgreiðsla:* Kynning.

#### 4. Viðbragðsáætlanir

Birgir Finnsson fór yfir stöðu viðbragðsáætlana. Tvær hafa verið samþykktar, Reykjavíkurlflugvöllum og viðbragðsáætlun vegna Hvalfjarðagangna. Í vinnslu er viðbragðsáætlun vegna skipa í og við hafnir höfuðborgarsvæðisins. Unnið er að samræmdu skipulagi varðandi söfnunarsvæði slasaðra og fjöldahjálpastöðva.

*Afgreiðsla:* Kynning.

#### 5. SAReye aðgerðagrunnur fyrir stjórnstöðvar og samhæfingu

Birgir Finnsson kynnti SAReye aðgerðagrunn fyrir stjórnstöðvar og samhæfingu viðbragðsaðila. Slysavarnarfélagið Landsbjörg hefur notast við grunninn um nokkuð skeið og almannavarnadeild ríkislögreglustjóra hefur gert samningum að hann verði notaður í Samhæfingastöðinni, auk þess sem aðgerðastjórnir munu fá aðgang að honum.

*Afgreiðsla:* Samþykkt að AHS leiti eftir samstarfið við SAReye með það að huga að koma að þróun aðgerðagrunnsins, efla hann og þróa, m.a. þannig að hann nýtist fyrir neyðarstjórnir sveitarfélagana á höfuðborgarsvæðinu.

#### 6. Önnur mál

6.1 Kynning verður haldin á eldfjallarannsókn fyrir AHS þriðjudaginn 22. Apríl kl. 16:00 í Björgunarmiðstöðinni Skógarhlíð. Að kynningunni koma Hafsteinn Pálsson frá umhverfisráðuneytingu og Magnús Jónsson, fyrrverandi veðurstofustjóri.

6.2 Kynning á stöðu rannsóknarverkefnis vegna flóðavarna við Kvosina. Lokaskýrsla er í vinnslu og er gert ráð fyrir að fá kynningu fyrir AHS í haust.

6.3 Kynning á hugmyndum varðandi kynningar og fræðslu fyrir almannavarnanefnd og þá ekki síst nýja meðlimi eftir sveitarstjórnarkostningar.

6.4 Formaður þakkaði nefndarmönnum fyrir störf sín í nefndinni og samstarfið og tóku fundarmenn undir það.

Fundi slitið kl. 09:15.

**Næsti fundur verður boðaður sérstaklega.**

*Fylgiskjöl, ath. voru send rafrænt með fundarboði, en ekki dreift á fundinum:*

- Fundargerð 27. fundar almannavarnanefndar 19. apríl 2013
- Hættumat fyrir höfuðborgarsvæðið, lokadrög 10. apríl 2014